

hafði 50 kr. kaup á viku, á hún vegna uppsagnarinnar 1300 kr. kröfu á stefndan, auk 50 kr. fyrir eina vinnuviku, er hún hefir ekki fengið greidda, eða samtals kr. 1350.

Stefnanda hefir ekki sannað neitt sérstakt tjón vegna uppsagnarinnar og verður henni þá ekki, gegn andmælum stefnds, dæmdar neinar bætur þess vegna.

Um hundraðsgjald af framleiðslu hringsaumastofunnar athugast, að stefnanda hefir engar líkur fært fyrir því, að það hefði getað orðið meira en upphæð sú, sem stefndur áætla, eða kr. 104.00, þann tíma, er stefnöndu er tildæmdur sem uppsagnarfrestur. Verður krafa hennar út af því þessvegna tekin til greina með þeirri upphæð (kr. 104.00).

Úrslit málsins verða því skv. framansögðu þau, að stefndur verði dæmdur til að greiða stefnöndu 1454 kr. með vöxtum eins og krafizt hefir verið og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn 200 kr.

Mánudaginn 24. maí 1937.

Nr. 136/1936. Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e/s „Pétursey“

(Theódór B. Lindal)

gegn

Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“

(Stefán Jóh. Stefánsson).

og

Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“ (Einar B. Guðmundsson).

Mál til innheimtu björgunarlauna.

Dómur sjóréttar Reykjavíkur 14. ágúst 1936: Stefndur, Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e. s. Pétursey G. K. 6, greiði stefnandanum, Stefáni Jóh. Stefánssyni f. h. útgerðar varðskipsins Þór, kr. 4200.00 ásamt 5% vöxtum frá 12. desember 1935 til greiðsludags og 300 kr. í málskostnað, og Jóni Guðmundssyni, eigenda e. s. Olav, kr. 800

með 5% vöxtum frá 25. jan. 1936 til greiðsludags og málskostnað með 100 kr. Þá viðurkennist og sjóveðréttur í e. s. Pétursey G. K. 6 fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 3ja sólarhringa frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu 17. sept. f. á., krefst þess aðallega, að hann verði aðeins dæmdur til að greiða stefnda Stefáni J. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“ hæfilega þóknun fyrir aðstoð til handa e/s „Pétursey“, en að hann verði sýknaður af kröfu stefnda Jóns Guðmundssonar f. h. eigenda e/s „Olav“, en *til vara*, að laun þau fyrir aðstoð eða björgun, sem hinum stefndu eru ákveðin í hinum áfrýjaða dómi, verði færð niður eftir mati dómsins. Svo krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla, en að hinir stefndu verði dæmdir in solidum eða til vara með öðrum hætti til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti eftir mati dómsins. Hinir stefndu, sem ekki hafa áfrýjað málinu, hafa krafizt staðfestingar á málinu hvor fyrir sitt leyti og málskostnaðar af áfrýjanda hvor sér til handa.

Telja verður, að e/s „Pétursey“ hafi verið stutt í neyð eftir strandið 3. júlí 1935, að varðskipið „Þór“ hafi þá innt af hendi björgunarstarfsemi því til handa, að ósönnuð sé nokkur sú óvarkárni í því starfi eða óverklægni af hálfu skipverja varðskipsins, er bakað geti útgerð þess ábyrgð, og loks að útgerð e/s „Olav“ eigi þóknun fyrir þátttöku sína í björgunarstarfinu. Og með því að fallast má á ákvörðun hins áfrýjaða dóms á upphæðum launanna til beggja hinna stefndu, ákvæði hans um

sjóveðrétt og greiðslu málskostnaðar í héraði, ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda Stefáni J. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“ 250 krónur og stefnda Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“ 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti og séu upphæðir þessar tryggðar með sjóveði í e/s Pétursey.

Þ v i d æ m i s t r é t t v e r a :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e/s „Pétursey“, greiði stefnda Stefáni J. Stefánssyni f. h. eigenda og útgerðar varðskipsins „Þór“ 250 kr. og stefnda Jóni Guðmundssyni f. h. eigenda e/s „Olav“ 200 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti, hvortveggja upphæðin með sjóveði í e/s „Pétursey“.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Miðvikudaginn 3. júlí 1935 strandaði í þoku línuveiðiskipið e.s. Pétursey frá Hafnarfirði kl. 1.05 e. h. milli Helganes og Straumness við utanverðan Skagafjörð. Kallaði skipið á hjálp og náði sambandi við e. s. Ólafur Bjarnason og e.s. Olav frá Akureyri. Kl. rúmlega 3 e. h. kom e.s. Olav á strandstaðinn og lánaði hann e.s. Pétursey akkeri með 4 liðum af keðju, 30 faðma af stálvír, 60 faðma af manillu og tóg. Voru akkerið, keðjurnar, virinn og trossurnar sett sem varp aftur af Pétursey til þess að varna því, að hún færi lengra upp. Ennfremur lét Pétursey frá sér varpakkeri og 50 faðma af 5½" tógi. Reyndi

Pétursey síðan sjálf með því að toga í bæði akkerin að ná sér út, en útfall var og ekki tiltök að ná skipinu út með þessum útbúnaði, eftir því sem segir í dagbók skipsins. Þá tók e.s. Olav einnig snurpubáta Péturseyjar til vörzlu og nót hennar og allmargir skipverjanna fóru um borð í e.s. Olav með farangur sinn.

E.s. Ólafur Bjarnason fór ekki sjálfur til aðstoðar, en náði í e.s. Þór, er var staddur N.N.A. um 22 s.m. frá Skaga, er hann heyrði kallmerkið, og náði sambandi við e.s. Pétursey, er taldi stað þann, er hún var strönduð við Hrollaugshöfða. Síðan höfðu skipin stöðugt samband með talstöð og með flautum, er Þór nálgadist, og sá hann Pétursey kl. 5.12 e. h. og kom á strandstaðinn samkv. dagb. Péturseyjar kl. 5.25 e. h. Vindur var A.N.A. 5 og stöðug þoka. Á skerinu, þar sem Pétursey stóð, braut ölduna og var þá notuð steinolia til þess að kyrra sjóinn. Skipstjórinn á Þór fór ásamt 6 hásetum kl. 5.40 um borð í Pétursey og baðst skipstjóri Péturseyjar þá þess, að Þór reyndi að ná skipinu út. Kl. 6 var farið með 400 faðma af 3ja tommu vír frá Þór til Péturseyjar og virinn settur í gegnum keðjugötin að framan og var þegar gerð tilraun til að draga skipið út, en árangurslaust, en dráttar- taugin var stöðugt höfð strengd og loks var togað í dráttar- virinn af fullum krafti með gufuvindunni og vélin sett á fulla ferð og náðist þá skipið út um kl. 9. Kl. 20,50 (sic) eftir dagbók Þórs, en kl. 9.3 eftir dagbók Péturseyjar. Var þá A.N.A. stinnings kaldi. Þegar Þór dró Pétursey af sker- inu varð það óhapp, að hún missti bæði akkerin, sem út höfðu verið sett og keðjur, víra og tóg, er áður voru nefnd og e.s. Olav hafði lánað. Sömuleiðis hrökk þá í sundur stýrisstamminn á Pétursey, svo stýrið varð henni ónothæft og varð Þór þessvegna að draga hana til hafnar, en nær enginn leki hafði komizt að skipinu, varð aðeins vart í forlestinni, og ef til vill í vélarúminu, sem ekki er þó upplýst. Þór tók því næst Pétursey í eftirdrag til Ak- ureyrar og lagðist þar að bryggju kl. 6 að morgni þess 4. júlí. Sama dag voru staðfestar fyrir sjóréttinum þar sjó- ferðaskýrslur skipanna samkv. dagbókum þeirra. En eftir að skipinu var náð út fór e.s. Olav sína leið, en útdráttur úr dagbók hans hefir verið lagður fram hér í réttinum með áritun skipstjóra Péturseyjar um, að það væri rétt skýrsla.

E. s. Pétursey, sem er stálskip, smíðað 1902, 91 tonn br., 44 tonn nt. með 110 ha. vél, var af yfirmatsmönnum í Reykjavík metin 32 þús. kr. virði áður en hún strandaði, en 18. þús. kr. virði á strandstaðnum í því ástandi, sem hún var, þegar henni var bjargað.

Aðalstefnandi þessa máls, hrm. Stefán Jóh. Stefánsson f. h. eigenda og útgerðar e.s. Þór, hafði með stefnu, dags. 12. des. 1935, krafizt þess, að stefndur, Óskar Jónsson f. h. eigenda og útgerðar e.s. Péturseyjar G.K. 6, verði dæmdur til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 10.000.00, til vara eftir mati réttarins, með 6% ársvöxtum frá 3. júlí 1935 til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu. Svo krefst stefnandi þess, að honum verði tildæmdur sjóveðréttur í e.s. Pétursey fyrir hinum tildæmdu upphæðum. Þá hefir Jón Guðmundsson, eigandi e.s. Olav, gengið inn í þetta mál með stefnu, dags. 25. jan. 1936, og gert kröfu á hendur stefndum til greiðslu björgunarlauna, að upphæð kr. 3000.00 með 5% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu, svo og viðurkenningar á sjóveðrétti í e.s. Pétursey fyrir þessum upphæðum. Gerir meðalstefnandi þá kröfu, að mál þessi bæði verði sameinuð og að dómur verði samtímis felldur í þeim báðum. Þess skal getið, að varnarþing e.s. Péturseyjar er ekki hér, en fyrirsvarsmenn hennar hafa samþykkt, að málin væru hér rekin.

Aðalstefnandi hefir mótmælt því, að e. s. Olav ætti nokkra kröfu til björgunarlauna, því að hann hafi ekkert að henni unnið, og eigi hann heldur engan rétt til þóknunar fyrir aðstoð, og krefst aðalstefnandi þess, að krafa meðalstefnandans verði engin áhrif látin hafa á kröfu sína, en til vara krefst hann, að krafa e.s. Olav verði færð niður til verulegra muna. Stefndur hefir ekkert haft að athuga við það, að eigandi e. s. Olav gekk inn í málið og að kröfur beggja stefnenda séu sameinaðar í eitt mál og dómur gangi um þær þannig, og krefst þess, að upphæðin verði ákveðin í einu lagi og rétturinn ákveði skiptingu þess, er tildæmt kann að verða milli stefnenda og farið verði með málskostnað á sömu lund. En annars er það aðalkrafa stefnds, að hann verði algerlega sýknaður gegn hæfilegri þóknun eftir mati réttarins fyrir dráttaraðstoð eða eftir atvikum björgun. Ennfremur mótmælir hann

því, að vextir af tildæmdri upphæð séu reiknaðir hærrí en 5% og svo og málskostnaðarkröfum stefnanda sem allt of háum, hvernig sem málið fer.

Atvik og aðgerðir hafa verið raktar hér að framan samkv. staðfestum dagbókarskýrslum skipanna og virðist aðstaða e.s. Péturseyjar hafa verið slík, að þótt vindur væri hægur, virðist hafa verið nokkur alda og því rétt að hraða drætti af skerinu, svo sem unnt var, og skipið þá höggvið á skerinu og því hætta á, að gat kæmi á það. Litur rétturinn svo á, að skipið hafi verið státt í verulegri neyð og hér sé um björgun að ræða, enda þótt svo kynni að hafa getað orðið, að skipið hefði náð sér út á eigin ramleik með kveldflóðinu, sem var þenna dag, samkv. sjómannaalmanaki, um kl. 11 e. h. Staðhæfing aðalstefnanda, að kveldflóðið hafi verið kl. laust fyrir 9, er því ekki rétt.

Björgunarstarfsemi þessi hófst með notkun þeirra tækja, er e.s. Olav lánaði, og verður því ekki neitað, að tæki þessi hafi tryggt það, að skipið haggðist sem minnst og varnað því, að því slægi þar flötu fyrir öldunni. Aðalþáttinn í björgunarstarfinu átti samt e.s. Þór.

Er meta skal björgunarlaunin, þykir fyrst verða að nefna það, að aðalhættan fyrir aðkomuskipin var fólgin í því, að þau urðu að fara í þoku upp að landinu, en veður var gott, þó væri álandsgola. Hætta björgunarmanna eða skips þeirra eftir að á staðinn var komið, virðist ekki teljandi og skipshöfn e.s. Péturseyjar virðist ekki hafa verið knúð til að yfirgefa skipið vegna hættunnar, en leitað um borð í e.s. Olav eftir að sjáanlegt var, að ekki varð neitt aðhafzt fyrr en e.s. Þór kom.

Það hefir að visu ekki verið hnekkt skýrslu e.s. Péturseyjar um það, að stýrisstamminn hafi brotnað, þegar Þór dró skipið af grunni og að akkerin og önnur tæki, sem að framan voru nefnd, hafi þá einnig farið forgörðum, en hinsvegar er það ekki sannað, að e.s. Þór verði gefið að sök, að hann hafi borið sig hranalega og óhönduglega að við björgunina, enda áttu menn frá Pétursey, er voru þar um borð, að geta slakað á akkeristaugunum samtímis því, að skipið var dregið út. Og sérstaklega er það ósannað að stýristamminn hafi brotnað fyrir vangæzlu frá e.s. Þór.

Að athuguðum öllum atvikum þykja björgunarlaunin

hæfilega ákveðin samtals 5000 kr. en þar af hljóti e.s. Olav 800 kr. Vextir reiknast 5% frá stefnudögum hvors máls. Í málskostnað greiði stefndur 400 kr. þar af 100 kr. til umboðsmanns e.s. Olav. Þá viðurkennist og sjóveðréttur í e.s. Pétursey fyrir hinum tildæmdu upphæðum.

Miðvikudaginn 26. maí 1937.

Nr. 164/1936. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

Péttri Ólafssyni, Stefáni Ó. Stephensen og Ólafi Þórðarsyni
(Eggert Claessen).

Þrír menn dæmdir til refsingar samkvæmt 4. gr. laga nr. 5 frá 1920.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 20. maí 1936: Kærði Stefán Ólafsson Stephensen greiði til landhelgisjóðs Íslands 8000.00 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Pétur Ólafsson greiði til landhelgisjóðs Íslands 8000.00 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 6 mánuði í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Kærði Ólafur Þórðarson greiði til landhelgisjóðs Íslands 2500 króna sekt, og komi einfalt fangelsi í 70 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði allir in solidum allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun kr. 250.00 til skipaðs verjanda sins, hrm. Eggerts Claessen.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir því sem prófum málsins og viðurkenningu hinna kærðu Péturs Ólafssonar og Stefáns Ó. Steph-